

STJÓRNARTÍÐINDI A 10 — 1978

18. júní 1978.

359

Nr. 87.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 18. júní 1978.

Geir Hallgrímsson.

Guðmundur Benediktsson.

26. maí 1978.

Nr. 88.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 11. maí 1978 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

1. gr.

44. gr. orðist svo:

Kennsla í lyfjafræði lyfsala.

a. Inntökuskilyrði.

Peir stúdentar, sem lokið hafa fullnaðarprófi við stærðfræði-, eðlisfræði- eða náttúrufræðideild í íslenskum skóla, sem hefur heimild til þess að brautskrá stúdenta, hafa aðgang að námi í lyfjafræði lyfsala. Deildin getur þó sett lágmarkseinkunnir í einstökum greinum sem skilyrði fyrir inntöku. Enn fremur getur deildin takmarkað fjölda stúdenta, sem veittur er aðgangur að deildinni hverju sinni.

b. Kennslugreinar og kennsluhættir.

1. Námsstími og kennsluhættir.

Nám í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands miðast við þrjú kennsluár (6. misseri). Próf eru að jafnaði haldin í lok hvers námskeiðs.

2. Kennslugreinar.

Á 1. misseri skal kenna: Lyfjagerðarfræði, bóklega og verklega, almenna efnafræði I, bóklega og verklega, efnagreiningu I, bóklega og verklega

Á 2. misseri skal kenna: Lyfjagerðarfræði, bóklega og verklega, lífræna efnafræði og lífefnafræði I, bóklega og verklega, lyfjalöggjöf, verðlagningu lyfja, latínu.